

Langanesbyggð  
Fjarðarvegi 3  
680 Þórshöfn

Reykjavík, 5. maí 2021  
UST202103-286/F.T.  
08.14.02

### Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 17. mars sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Langanesbyggð vegna frávíka er skráð voru í eftirliti þann 24. september 2020 á urðunarstað Langanesbyggðar á Bakkafirði.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Á urðunarstaðnum er heimilt að taka á móti og urða úrgang. Nokkuð var um úrgang í geymslu á urðunarstaðnum, en ekki er heimild í starfsleyfi fyrir geymslu úrgangs á urðunarstaðnum.
2. **Gr. 3.1 í starfsleyfi.** Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarhólf skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og vargfugls. Við eftirlit var urðunarhólf opið og úrgangur ekki birgður.
3. **Gr. 4.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem valdið geta mengun. Skráningar vegna tl. 2. – 11. voru ekki tiltækar eða fullnægjandi við eftirlit.
4. Rekstraraðili skal skila eftirlitsaðila niðurstöðum skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Við eftirlit höfðu ekki borist fullnægjandi skráningar til eftirlitsaðila.

**Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávíka til 31. mars sl. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 19. maí nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.**

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og

mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 39.600 kr.**

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur